

## Skólaráð fundargerð 19.janúar 2017

Mætt: Oddur, Inga Rut, Sigurdís, Rut, Kristín Halldórs., Svava.

- Skóladagatal. Fyrir en vanalega á ferðinni.
  - Hvernig fannst fólki fyrirkomulagið á vetrarfrí og foreldraviðtöl að loknum skóladegi? Svanhildur ritari setti inn könnun á facebook þar sem fólk var beðið að svara því hvort því líkaði það fyrirkomulag. Þeir sem svöruðu voru ánægðir.
  - Svava leggur fram drög að dagatali næsta skólaárs 2017-2018, á að samræma vetrarfrí við leikskóla/ framhaldsskóla og hvern þá þar sem nemendur héðan fara flestir í hina ýmsu skóla á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Foreldraviðtöl-verða einhvern tímann allir sammála um það hvernig best sé að hafa þau. Vetrarfrí- það er spurning, ekki heppilegt að hafa langt vetrarfrí nálægt samræmdum prófum, lengsta tímabil án frís næsta vetur er um haustið, út frá því væri heppilegast að hafa vetrarfríð í október.
- Lestur-lestrarstefna skólans. Samræmd viðmið í hraðlestrarprófum-sjá lestrarstefnu skólans á heimasíðunni. Hjá Menntamálastofnun eru að koma samræmd viðmið sem við stefnum á að fylgja.
- Skólalöng nemenda í 6.-10.bekk verður haldið 3.febrúar. Umræðuefnið er metnaður. Vinnustöðvar og umræðuhópar í Tjarnarsal. Forseti Íslands mun koma og halda hvatningarræðu.
- Önnur mál:
  - Fengum styrk til að styðja við og efla móðurmálskennslu hjá nemendum af erlendum uppruna. Kennd verða 5 tungumál, pólska, taílenska, tagalog (filipeyskt tungumál), rússneska og danska. Kennarar í pólsku og dönsku verða hér á staðnum en önnur kennsla fer fram í gegnum fjarnámskerfi Tröppu. Við bjóðum einnig upp á auka heimanámsaðstoð fyrir erlenda nemendur.
  - Sturtumál-hvers vegna eru nemendur ekki skikkaðir í sturtu að loknum íþróttatímum? Gengur illa að fá niðurstöðu sem öllum líkar en ætlum að fá Guðmund og Jens íþróttakennara á næsta fund skólaráðs til að fara yfir þessi mál.
  - Skólalúpsinn. Forelðrakönnun frá síðasta skólaári kemur vel út. Aðeins eitt sem kemur ekki vel út en það er fjöldi foreldra sem leitað hefur sálfræðiaðstoðar fyrir barn sitt, er það neikvætt? Áframhaldandi yfirferð á Skólalúpsinum á næsta fundi skólaráðs sem verður fimmtudaginn 16.febrúar.

Fundi slitið kl.9:43

Fundarritari, Kristín Halldórsdóttir.